

**2179. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 21. júlí 2016 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.**

---

Mættir: Geir Þorsteinsson, Guðrún Inga Sívertsen, Gísli Gíslason, Gylfi Þór Orrason, Jóhann Torfason, Ingvar Guðjónsson, Jóhannes Ólafsson, Kristinn Jakobsson, Ragnhildur Skúladóttir, Róbert Agnarsson, Rúnar V. Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Björn Friðþjófsson, Jakob Skúlason, Magnús Ásgrímsson og Tómas Þóroddsson. Þá sat Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

---

Forföll:

Þetta var gjört:

1. Fundargerð síðasta fundar
  - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar
  - Mannvirkjanefnd, 11. maí 2016
  - U21 karla, 31. maí 2016
  - Útbreiðslunefnd, 6. júní 2016
3. Gísli Gíslason kynnti tillögur starfshóps um úthlutun EM styrks til aðildarféлага. Stjórn skiptist á skoðunum um tillögunnar en heilt yfir var stjórn sammála um aðferðafræðina. Gísli sendir stjórn lokaskjal í næstu viku. Samþykkt að hækka EM framlag til félaganna úr 300m í um 450 m króna. Félagunum verði greitt í tvennu lagi, fyrri greiðsla í ágúst og sú seinni í desember.
4. Málefni landsliða
  - A landslið karla
    - Úrslitakeppni EM. Mikil ánægja ríkir með frábæran árangur liðsins í úrslitakeppninni í Frakklandi sem vakið hefur heimsathygli. Mikilvægt er að nýta þann meðbyr sem knattspyrnuhreyfingin hefur. Árangurinn má m.a. þakka vönduðum og skipulögðum undirbúningi. Framganga stuðningsmanna Íslands í keppninni var einstök. Starfsmönnum Knattspyrnusambandsins voru þökkuð frábær störf og samþykkt að fela framkvæmdastjóra að greiða þeim launauppbót vegna mikils álags. Samþykkt að senda samstarfsaðilum sérstakar þakkir. Verið er að vinna í lokauppgjöri fyrir mótið.
    - Undankeppni HM. Landsliðsnefnd fundaði um undirbúning HM fyrr í dag. Verið er að vinna í starfsmannamálum. Stefnt að því að hafa fjölmiðlafund 8. ágúst næstkomandi til að kynna starfsmenn liðsins, dagskrá og fleira. Fyrsti leikur í undankeppni HM er 5. september næstkomandi gegn Úkraínu en sá leikur verður fyrir luktum dyrum. Sama á við annan útileik í riðlinum, gegn Króatíu.
  - A landslið kvenna
    - Ísland-Makedonía, 7. júní 8-0
    - Ísland-Slóvenía, 16. september
    - Ísland-Skotland, 20. september kl. 17:00. Þennan dag eru 35 ár frá fyrsta kvennalandsleiknum sem var einmitt gegn Skotum.
  - U19 kvenna
    - Ekki hefur gengið að fá vináttuleiki fyrir U19 kvenna um verslunarmannahelgina eins og áætlað var. Enn er leitað lausna.
  - U17 kvenna lék í Norðurlandamóti í Noregi í júlí.
    - Danmörk-Ísland, 2-4
    - Noregur-Ísland, 4-2
    - Ísland-Frakkland, 1-1
    - Ísland-Finnland, 4-0 (leikur um 5. sæti)
  - U17 karla leikur í Norðurlandamóti í ágúst í Finnlandi.
    - Svartfjallaland-Ísland, 3. ágúst
    - Færeyjar-Ísland, 5. ágúst

- Ísland-Svíþjóð, 7. ágúst
- Leikið um sæti

Mótið fer fram á Íslandi (Selfossi og Reykjanesbæ) næsta sumar (2017).

#### 5. Mótamál

- Róbert Agnarsson fór yfir stöðuna í mótamálum. Vegna úrslitakeppni EM í Frakklandi var mikið um frestanir leikja. Formaður minnti á bikarúrslitaleik kvenna sem fram fer 12. ágúst og karla sem fram fer 13. ágúst næstkomandi. Báðir leikirnir fara fram á Laugardalsvelli.

#### 6. Dómaramál

- Rætt um frammistöðu dómara á tímabilinu sem í heildina hefur verið góð. Verkefnum erlendis hefur fjölgað. Dómarar undirgengust þrekpróf í gær sem gekk vel. Tilraunaverkefni verður í undanúrslitum og úrslitaleik bikarkeppni karla með 6 manna dómaraakerfi. Rætt um nauðsyn þess að fjölga dómurum.

#### 7. Sparkvellir – gervigras

- Rætt um tilmæli umhverfisstofunar varðandi fylliefni í gervigras.
- Stjórn ítrekaði bókun sína frá síðasta fundi um að KSÍ hafi forgöngu um að fá 2-4 framleiðendur til að setja upp tilraunavelli til að þoka málum áfram.
- Bréf frá Akraneskaupstað um sparkvelli lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu með tilvísun í verkefni um tilraunavelli en að knattspyrnusambandið muni ekki koma að endurnýjun vallanna.

#### 8. UEFA

- Framboðsfrestur til embættis forseta UEFA rann út í gær. Formleg staðfesting á frambjóðendum hefur ekki borist frá UEFA. Forystumenn Norðurlandanna hafa þegar fundað með Aleksander Čeferin sem er einn af þeim sem hafa boðið sig fram. Stefnt er að því að funda með öðrum frambjóðendum við fyrsta tækifæri. Jafnframt rann út í gær framboðsfrestur fyrir kvenkynsframbjóðenda Evrópu til stjórnar FIFA.

#### 9. Önnur mál

- Von á skýrslu frá Lagardére sports og Borgarbrag um hagkvæmisathugun vegna frekari uppbyggingu á Laugardalsvelli um miðjan ágúst.
- Jakob Skúlason ræddi um knattspyrnumálin á Vesturlandi og minnti á Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina.

Fleira var ekki bókað og var fundi slitið kl. 18:15.